



Dagsetning 27.11.2025
Málsnúmer IRN25080042

Þátttakendur í minningardegi um fórnarlömb umferðarslysa

Minningardagur um fórnarlömb umferðarslysa var haldinn með hefðbundnu sniði í ár með minningarathöfn við þyrlupallinn í Fossvogi. Einnig voru haldnar minningarstundir á minnst sextán stöðum víðs vegar um landið í samvinnu við Slysavarnafélagið Landsbjörg.

Í ár var sjónum sérstaklega beint að mikilvægi bílbeltanotkunar, enda hafa kannanir Samgöngustofu sýnt að dregið hefur úr notkun öryggisbelta meðal ungs fólks á síðustu misserum.

Afar ánægjulegt var að sjá hversu víðtæk þátttakan var og hve mikið rými dagurinn og áhrifamikill boðskapur hans fengu í umfjöllun fjölmiðla.

Ég er þakklátur fyrir að árlegur minningardagur gefi okkur tækifæri til að koma saman og minnst þeirra sem hafa látið lífið eða slasast alvarlega í umferðinni og jafnframt heiðra viðbragðsaðila sem koma að fyrstu hjálp og björgun þegar slys verða.

Dagurinn eflir vitund okkar um afleiðingar slysa og hvernig við getum dregið úr líkum á þeim. Fyrir hönd ráðuneytisins vil ég þakka ykkur öllum fyrir óeigingjarnt starf við að skipuleggja og standa að mikilvægum og fallegum viðburðum um land allt á minningardeginum.

Minningardagurinn á næsta ári verður samkvæmt venju þriðja sunnudag í nóvember, eða 15. nóvember 2026. Við í ráðuneytinu hlökkum til að eiga áfram gott samstarf um skipulag þessa mikilvæga dags hér eftir sem hingað til.

Með kærri kveðju,



Eyjólfur Ármannsson
Innviðaráðherra